

Orkuveita Húsavíkur ohf.

Garðabær, 11. júní 2025

202505-0167/I.M.B.

10.03.01

Umsókn um leyfi til framkvæmda vegna endurnýjunar hitaveitulagnar á verndarsvæði Laxár og Mývatns

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Orkuveitu Húsavíkur ohf., dagsett 30. maí 2025 um leyfi til framkvæmda vegna endurnýjunar hitaveitulagnar í byrjun júní 2025.

Mývatn og Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laganna skal leita leyfis Náttúruverndarstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. laganna. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu skal leita leyfis Náttúruverndarstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár við endurnýjun hitaveitulagnar sem þverar Laxá í rörrú neðan við Laxárvirkjunar en verður annars lögð samhliða eldri hitaveitulögn. Brúin er í nokkurri hæð yfir ánni og nær hún einnig yfir vatnsbakkann sitthvoru megin árinna, um 15-20 m beggja vegna árinna. Með umsókninni fylgdu m.a. myndir af lagnaleiðinni, minnisblað Náttúrustofu Norðausturlands varðandi framkvæmdina, umsögn Veðifélags Laxár í Aðaldal og heimild landeigenda á framkvæmdasvæðinu fyrir framkvæmdinni. Lagnaleiðin liggur að hluta á eldhrauni sem myndast hefur eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu óskaði Náttúruverndarstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umsókn um verkefnið. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst 5. júní sl. Í umsókninni kemur fram framkvæmdasvæðið er að hluta á nútímahrauni, Laxárhraun yngra, sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Hrauninu hefur þegar verið raskað við lagningu eldri

lagnar og líklega verður rask eitthvað meira vegna nýju lagnarinnar. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allt verði gert sem hægt er svo að rask verði sem minnst og að við frágang verði eingöngu notast við staðargróður og þess gætt að framandi tegundir berist ekki inn á svæðið með aðfluttu efni.

Áhrifamat:

Að mati Náttúruverndarstofnunar er framkvæmdin er talin hafa óveruleg áhrif á verndarsvæðið þar sem fyrirhugað lagnasvæði er á þegar röskuð landi og ekki verður farið í ána heldur fylgt rörabró sem fyrir er. Lágmarka skal allt rask eins og kostur er og vanda allan frágang.

Niðurstaða

Náttúruverndarstofnun veitir Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir sitt leyti leyfi til framkvæmda við Laxá neðan Laxárvirkjunar sbr. lýsingu hér að ofan í júní 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þess skal ávallt gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir að verkefni loknu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og notast eingöngu við staðargróður við uppgræðslu.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt/afmáð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmann frá Náttúruverndarstofnun.

Virðingarfyllt

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

Sérfræðingur

Dagbjört Jónsdóttir

svæðissérfræðingur